

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**839. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. júlí 2014 kl. 14:50 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Stefán Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Elín R. Líndal

### **Fundarritari:**

Elín Jóna Rósinberg

### **Dagskrá:**

1. Skólamál. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra
2. Bréf Ferðamálafélags V-Húnavatnssýslu
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
4. Bréf Kvennabands Vestur-Húnavatnssýslu.
5. Bréf Umhverfisstofnunar

### **Afgreiðslur:**

1. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra eru mætt til fundar við byggðarráð. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs lagði fram þá tillögu um fyrirkomulag reksturs grunn- og leikskólans á Borðeyri, að skólastjóri grunnskólans sé yfirmaður grunnskólans á Borðeyri, leiksskólastjóri yfirmaður leikskólans á Borðeyri og leikskólakennari í 70% starfi verði með daglega stjórnun skólastarfs á Borðeyri. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum. Lögð fram drög að reglum um skólaakstur í dreifbýli í Húnaþingi vestra. Reglunum er vísað til fræðsluráðs til umsagnar. Fræðsluráð skal skila athugasemdum sínum ef einhverjar eru til byggðarráðs fyrir 15. ágúst n.k. Arnar E. Gunnarsson gerði athugasemd við reglurnar sem byggðarráð mun taka til skoðunar þegar fræðsluráð hefur skilað álit sínu. Lögð fram tillaga sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og skólastjóra um að settur verði á tvöfaldur akstur á miðvikudögum svo að nemendur sem ekki eru í kennslu til kl. 16:30 komist heim strax að loknum skóladegi. Jafnframt er lögð fram sú tillaga að allir bílar aki heim strax að loknum skóla, nema allir foreldrar á viðkomandi leið skili undirritaðri beiðni til skólastjóra um aðra tímasetningu á brottför. Byggðarráð frestar afgreiðslu þessara tillagna.
2. Lagt fram bréf Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu dags. 18. júlí. sl. þar sem félagið, í samstarfi við landeiganda Ósa hvetur sveitarstjórn Húnaþings vestra til að taka upp viðræður við ráðherra atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, Ragnheiði Elínu Árnadóttur, um styrkmöguleika vegna endurbóta við aðkomu að Hvítserk. Byggðarráð felur oddvita að senda Ragnheiði Elínu Árnadóttur erindi og óska jafnframt eftir fundi með ráðherra.

3. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags 10. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar vegna endurnýjunar leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir f.h. Ferðaþjónustunnar Tangahúsi sækir um endurnýjun leyfis til að reka gististað í flokki III að Borðeyri. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
4. Lagt fram bréf Kvennabands Vestur-Húnavatnssýslu dags. 14. júlí sl. þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu afmælisrits með sögu kvenfélaganna í sýslunni. Samþykkt að vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2015.
5. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 10. júlí sl. Drög að samningi vegna refaveiða árin 2014-2016. Byggðarráð samþykkir að vísa drögum að samningnum til skoðunar landbúnaðarráðs. Geri landbúnaðarráð athugasemdir við samninginn skuli það koma athugasemdum sínum til byggðarráðs fyrir 18. ágúst n.k.

Samþykkt að taka á dagskrá

6. Ráðningasamningur sveitarstjóra. Lögð fram drög að ráðningarsamningi við sveitarstjóra ásamt eftirfarandi tillögu. „Byggðarráð samþykkir að ráða Guðnýju Hrund Karlsdóttur í starf sveitarstjóra Húnaþings vestra frá 1. ágúst 2014 til 1. júlí 2018, samkvæmt fyrirliggjandi drögum að ráðningarsamningi. Oddvita er jafnframt falin undirritun samningsins“. Tillagan samþykkt með 2 atkvæðum. Elín R. Líndal sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.
7. Lagðar fram umsóknir um starf sviðstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings vestra. Umsækjendur eru;
  - Karl Ómar Jónsson
  - Magnús Jónasson
  - Skúli Húnn Hilmarsson
  - Úlfar Trausti Þórðarson
  - Þórey Edda Elísdóttir

Byggðarráð hefur yfirfarið umsóknirnar og mun í framhaldinu kalla einstaka umsækjendur til viðtals.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:05

---

Stefán E. Böðvarsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Elín Jóna Rósinberg.